

227. KIRKJURÁÐSFUNDUR

PRIÐJUDAGUR 16. DESEMBER 2014 KL 9

haldinn á Biskupsstofu

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing 2014
3. Fasteignir
 - a) Sala greiðslumarks á jörðum.
 - b) Úttekt á Valþjófsstað
 - c) Endurbætur á Laugavegi 31, ástandsmat hússins hjá Verkís
4. Fjármál
 - a) Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna
 - b) Úthlutun úr kirkjumálasjóði
 - c) Rekstraráætlanir jöfnunarsjóðs, kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu
5. Skálholt
 - a) Skipun stjórnar Skálholtsstaðar
 - b) Verklegar framkvæmdir í Skálholtsskóla
 - c) Leigusamningur, skaðabótakrafa Óla Jóns Ólasonar, hótelstjóra
 - d) Erindi frá Guttormi Bjarnasyni, fv. ábúanda í Skálholti
 - e) Skipun skólaráðs Skálholtsskóla
6. Frumvarp til laga um breytingu á þjóðkirkjulögum
Til meðferðar á Alþingi – beðið um endurbætur á 12. gr. þjóðkirkjulaga
(úrskurðarnefnd)
7. Staða framkvæmdastjóra kirkjuráðs
8. Önnur mál
 - a) Lögfræðiálit vegna kirkjugarðasamkomulagsins frá Gesti Jónssyni, hrl.
 - b) Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar. Erindi frá Gunnari J. Gunnarssyni, formanni
 - c) Endurskoðaðar reglur um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs
 - d) Skipun Kirkjutónlistarráðs
 - e) Skipulag funda á árinu 2015

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannaúðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings sat fundinn þegar málefni kirkjuþings 2014 voru til umræðu.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, boðaði forföll vegna veðurs. Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteigna, sat fundinn þegar málefni fasteigna voru til umræðu.

Biskup Íslands setti fundinn sem hófst á ritningarlestri og bæn með starfsfólki Biskupsstofu.

Fundargerð 226. kirkjuráðsfundar var samþykkt.

2. KIRKJUÞING 2014

Kirkjuþingi 2014 var frestað 30. október sl. vegna þess að ríkisstjórnin hafði ekki afgreitt fjárlög fyrir árið 2015 og því óvist um fjárhæð sóknargjalds.

Hvað varðar fjárhæð sóknargjaldsins þá átti biskup og innanríkisráðherra fund þann 15. desember sl. Minnisblað frá þeim fundi var lagt fram til kynningar á kirkjuráðsfundinum.

Á fundi biskups og ráðherra var rætt um þátt fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2015 sem lýtur að sóknargjöldum þjóðkirkjunnar. Ráðherra tjáði biskupi að fjárveitingar til kirkjunnar yrðu ekki hækkaðar vegna ársins 2015, frá því sem ákveðið hafði verið í annarri umræðu fjárlaga. Ljóst er því að ríkisstjórnin ætlar ekki að vinna eftir tillögum starfshóps ráðherra frá því í maí 2014.

Forseti kirkjuþings mun boða til næsta fundar kirkjuþings 17. janúar nk.

3. FASTEIGNIR

a) *Sala greiðslumarks á jörðum.*

Á fundi fasteignanefndar þann 28. nóvember sl. var, í samræmi við reglur um meðferð á greiðslumarki, samþykkt að selja greiðslumark tilheyrandi jörðunum Kolfreyjustað (12,9 ærgildi) og Valþjófsstað I (166,9 ærgildi).

Jörðin Kolfreyjustaður er ósetin og greiðslumarkið því ekki í notkun. Jörðin Valþjófsstaður I var nýverið leigð út en greiðslumark fylgdi ekki með í leigunni.

Kirkjuráð er sammála afgreiðslu fasteignanefndar um að auglýsa til sölu greiðslumark á framangreindum jörðum.

b) Úttekt á Valþjófsstað.

Úttektarskýrsla landsúttektarmanna vegna Valþjófsstaðar I, Fljótsdal, frá 5. desember sl. lögð fram til kynningar, ásamt minnisblaði fasteignanefndar vegna úttektarinnar.

Fram kemur í minnisblaðinu að fulltrúar fasteignasviðs voru viðstaddir úttektina en fráfarandi ábúandi hafði lagt fram ítarlega sundurliðun á útlögðum kostnaði sínum og vinnuframlagi frá upphafi ábúðar sinnar árið 1999 og til úttektardags árið 2014. Það var mat landsúttektarmanna og fulltrúa fasteignasviðs að kaupskylda sé fyrir hendi á þeim eignum fráfarandi ábúanda sem tilgreindar eru í úttektinni. Jafnframt kemur fram að framkvæmdir hafi allar stuðlað að verðmætisaukningu, betri búrekstraraðstöðu og almennt betri jörð í alla staði. Allur viðskilnaður fráfarandi ábúanda er til mikillar fyrirmynðar.

Niðurstaða úttektarinnar var að greiða skuli fráfaranda kr. 12.622.149.

Kirkjuráð samþykkti niðurstöðu úttektarinnar og fól sviðsstjóra fasteignasviðs að ljúka frágangi á uppgöri við fyrrum ábúanda.

c) Endurbætur á Laugavegi 31, ástandsmat hússins á vegum Verkís

Ástandsskýrsla verkfræðistofunnar VERKÍS um ástandsmat húsnæðis Biskupsstofu, á Laugavegi 31, lögð fram tilkynningar. Fram kemur í ástandsskýrslunni að húsnæðið þarfnað verulegra endurbóta sem eru mjög kostnaðarsamar.

Kirkjuráð ákvað að bíða með að ráðast í endurbætur og að starfsmenn fasteignasviðs Biskupsstofu kanni áfram möguleika á kaupum eða byggingu á nýju húsnæði.

4. FJÁRMÁL

a) Jöfnunarsjóður sókna.

Kirkjuráð samþykkti að afgreiða úthlutanir úr Jöfnunarsjóði sókna á næsta fundi.

b) Kirkjumálasjóður.

Kirkjuráð samþykkti að afgreiða úthlutanir úr Kirkjumálasjóði á næsta fundi.

c) Rekstraráætlanir jöfnunarsjóðs, kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu.

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar rekstraráætlanir jöfnunarsjóðs, kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu.

Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu allra rekstraráætlana til fundar ráðsins 15. janúar nk.

5. SKÁLHOLT

a) *Skipun stjórnar Skálholtsstaðar*

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á kirkjupingi 2014: „*Kirkjuping mælist til þess við kirkjuráð að skoða, hvort málefnum Skálholtsstaðar yrði það til gagns að skipuð yrði þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn margir til vara, er annist í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjupings og samþykktir kirkjuráðs.*“

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að semja erindisbréf fyrir stjórn Skálholtsstaðar og mun kirkjuráð ljúka skipun hennar á næsta fundi sínum. Framkvæmdastjóri skuli vinna erindisbréfið í samráði við vígslubiskup í Skálholti.

b) *Verklegar framkvæmdir í Skálholtsskóla*

Lagt var fram minnisblað starfsmanna fasteignasviðs um verklegar framkvæmdir í Skálholti frá 11. desember sl. svo og ástandsskýrsla og kostnaðarmat á endurbótum á Skálholtsskóla frá verkfræðistofunni Verkís. Sviðsstjóri kynnti skýrslu VERKÍS og leggur til við kirkjuráð að viðhaldsverkinu verði áfangaskipt og byrjað á því sem nauðsynlegt er að endurbæta strax vegna heilsufarssjónarmiða til að hægt sé að standa við skuldbindingar skólans á næsta ári hvað varðar gistingu. Einnig þarf að ráðast í endurbætur á þaki, steypuviðgerðir og þettingar á gluggum og endurbætur á nokkrum herbergjum. Samkvæmt skýrslunni er heildarkostnaður við úrbætur á húsnæðinu áætlaður tæpar 50 m.kr. Þá hefur ekki verið reiknaður inn kostnaður vegna eftirlits vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Skólahúsnaðið sem þarfust endurbóta er sá hluti sem byggður var fyrir 12 árum. Fram kemur í skýrslu Verkís að orsakir rakaskemmda megi m.a. rekja til þess að ranglega hafi verið staðið að frágangi þaks og glugga í upphafi.

Kirkjuráð samþykkti að ráðast fyrst í þær óhákvæmilegu framkvæmdir sem felast í því að koma gistiherbergjum í nýju gistiálmunni í útleiguþæft ástand. Önnur nauðsynleg og æskileg verkefni verða unnin síðar.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við sviðsstjóra fasteignasviðs að könnuð verði réttarstaða kirkjunnar gagnvart þeim aðilum sem önnuðust byggingu gistiálmunnar í Skálholti fyrir 12 árum svo og Framkvæmdasýslu ríkisins, sem annaðist eftirlit með framkvæmdunum á sínum tíma.

c) *Bótakrafa frá Óla Jóni Ólasyni vegna riftunar á samningi um gisti- og veitingabjónustu í Skálholtsskóla.*

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að Óli Jón Ólason hefði óskað eftir viðræðum um bætur vegna ákvörðunar kirkjuráðs um að falla frá leigusamningi um gisti og veitingabjónustu í Skálholti þar sem forsendur fyrir útleigu eru brostnar.

Kirkjuráð samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Óla Jón Ólason um bætur að fjárhæð kr. þrjár miljónir og greiðslu lögfræðikostnaðar kr. 150 þúsund.

Bæturnar eru greiddar vegna þess kostnaðar sem Óli Jón hefur þegar haft af samningsgerðinni svo og vegna óhagræðis sem hann hefur orðið fyrir vegna bókana ferðahópa í Skálholtsskóla næsta sumar.

Séra Gísli Gunnarsson óskaði eftir að bókað yrði að hann sæti hjá í þessu máli og vísaði til fundargerðar kirkjuráðs dagsett 25.11.2014 lið 4c.

d) *Erindi frá Guttormi Bjarnasyni, fyrrv. ábúanda í Skálholti.*

Erindi frá Guttormi Bjarnasyni, fyrrv. ábúanda í Skálholti lagt fram. Við ábúendaskipti síðastliðið sumar urðu ýmis atvik þess valdandi að hann þurfti að standa straum að kostnaði vegna dráttar á uppgjöri milli ábúenda. Landsbanki Íslands hefur tekið á sig helming kostnaðarins og óskar Guttormur eftir því að kirkjuráð greiði hinn hlutann að upphæð tæplega kr. 90 þúsund.

Kirkjuráð tók ekki afstöðu til málsins.

e) Skipun skólaráðs Skálholtsskóla.

Kirkjuráð samþykkti að fresta skipun skólaráðs Skálholtsskóla til næsta fundar.

6. FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÞJÓÐKIRKJULÖGUM

Framkvæmdastjóri kynnti meðferð Alþingis á tillögum til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Frumvarpið er til meðferðar á Alþingi í annað sinn og er nú hjá allsherjarnefnd sem biður um endurbætur á 12. gr. laganna er fjallar um úrskurðarnefnd.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

7. STAÐA FRAMKVÆMDARSTJÓRA KIRKJURÁÐS

Guðmundur Þór Guðmundsson hefur tekið við nýju starfi á sviði lögfræði- og fasteigna á Biskupsstofu frá 1. janúar 2015 og hverfur því frá starfi framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

Kirkjuráð óskaði eftir því við Ragnhildi Benediktsdóttur að hún sinnti starfi framkvæmdastjóra þar til nýr framkvæmdastjóri tekur til starfa. Hún féllst á beiðni kirkjuráðs.

8. ÖNNUR MÁL

a) *Skipan nefndar til að fjölda meðlimum í þjóðkirkjunni.*

Kirkjuþing 2014 samþykkti að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna starfshóp er leggi fram tillögur sem miði að því að fjölda meðlimum í þjóðkirkjunni. Starfshópurinn skili tillögum sínum til kirkjuráðs sem leggi tillögurnar fyrir kirkjuþing 2015.

Kirkjuráð samþykkti, að tillögu biskups, að fela sóknarprestum og sóknarnefndum þjóðkirkjunnar að vinna að fjölgun meðlima þjóðkirkjunnar hverri í sinni sókn. Kirkjuráð mun á næsta fundi sínum skipa þriggja manna starfshóp til að koma með tillögur að verkferlum og styðja sóknarpresta og sóknarnefndir í þessu verkefni.

b) *Lögfræðiálit vegna kirkjujarðasamkomulagsins.*

Lögfræðiálit vegna kirkjujarðasamkomulagsins frá Gesti Jónssyni, hrl. lagt fram til kynningar.

c) *Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar. Erindi frá Gunnari J. Gunnarssyni, formanni.*

Málinu frestað.

d) *Endurskoðaðar reglur um stjórnsýslu og starfshætti kirkjuráðs.*

Málinu frestað.

e) *Skipun Kirkjutónlistarráðs. Tilnefningar komnar frá FÍO og stjórn P.Í.*

Málinu frestað.

f) *Skipulag funda á árinu 2015*

Kirkjuráð samþykkti að fundir kirkjuráðs, næsta starfsárið, verða að jafnaði annan þriðjudag í mánuði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:40.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu fimmtudaginn 15. janúar nk.

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari